

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 20. ÁRG. 2014



LAGADAGURINN 2014



HVAÐAN KEMUR
DÓMARINN?



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason:

Leiðari 4

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 23

Aðalfundur 10

49 útskrifast af hdl. - námskeiði 27

Lagadagurinn 2014

Anna Lilja Hallgrímsdóttir:

„Við hvað eiga lögfræðingar að starfa í framtíðinni?“ 6

Una Björk Ómarsdóttir:

„Raunveruleg pólitísk forgangsroðun birtist oft í fjárveitingum“ 8

Ólafur Freyr Frímansson:

Hlutverk lögfræðinga í rekstri fyrirtækja - hryggjarstykki eða hraðahindrun? 12

Þyrí Steingrimsdóttir:

Hlutverk verjenda í sakamálum 14

Ingvi Snær Einarsson:

Upplýsingaöryggi 16

Auður Björg Jónsdóttir:

En orðstír deyr aldregi 18

Katrín Helga Hallgrímsdóttir:

Valdheimildir stjórnsýslunnar 20

Lagadagskvöld: Punkturinn yfir i-ið 22

Aðsent efni

Hróbjartur Jónatansson:

Hvaðan kemur dómarninn? 24

Steindór Dan Jensen:

Af deilum um lén 30

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni 26

Erla S. Árnadóttir:

Seiðmagnaður Snæfellsjökull 28

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:

Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl.,
varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Óttar Pálsson hrl., gjaldkeri.
Karl Axelsson hrl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, bókhald.

FORSÍÐUMYND:

Forsíðumynd: Lagadagurinn 2014.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:

arni@cato.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



HÖFUM AUGA FYRIR VERÐMÆTUM

VÖNDUÐ EIGNASTÝRING STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

Einkabankaþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- ▶ Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- ▶ Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum.
- ▶ Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- ▶ Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.



Trúnaðarsamband verjenda og sakborning verður að vera tryggt

Í NÝGENGNUM DÓMI héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-553/2013, í svokölluðu Imon-máli, er þess getið í niðurlagi dómsins að við hlerun símtala tveggja ákærðu í málinu hafi sérstakur saksóknari tekið upp símtöl ákærðu við verjendur sína vegna rannsóknar málsins og ekki eytt upptökunum þegar í stað. Með því hafi verið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 36. og 1. mgr. 85. gr. sakamálaganna.

Sérstakur saksóknari hefur svarað því til í fjölmiðlum eftir að dómurinn féll að verklag embættisins við hlerun símtala sé á þann veg að öll símtöl í tiltekið númer, sem heimild er til að hlera, séu tekin upp og svo sé farið yfir þau eftir á. Símtöl til verjenda eigi að merkja til eyðingar en vegna mistaka hafi það ekki verið gert.

Fyrir liggur hins vegar að mistökin komu ekki eingöngu upp í þessu tiltekna máli. Verjandi eins ákærða í svokölluðu Al-Thani máli hefur upplýst í fjölmiðlum að hann hafi af tilviljun fengið upplýsingar um að símtöl hans og skjólstaðings síns hafi verið tekin upp hjá embætti sérstaks saksóknara en ekki eytt. Tilfellið var kært til þeirrar stofnunar sem hefur eftirlit með hlerunum, þ.e. ríkissaksóknara, sem kallaði eftir og fékk þær skýringar frá embætti sérstaks saksóknara að um mistök starfsmanns hafi verið að ræða. Var svo málið látið niður falla.

Athugasemdalaus framkvæmd hjá embætti sérstaks saksóknara virðist þannig ganga út á að öll símtöl, þar

með talið símtöl við verjendur, séu tekin upp og geymd allt þar til unnt er að yfirfara upptökurnar þar sem ekki sé hægt að hlusta í rauntíma. Þá er upptökum af símtölum við verjendur eytt, en sem fyrr segir virðist sem ýmis mistök hafi komið upp við þá yfirferð. En jafnvel þótt slík mistök eigi sér ekki stað, þá eru símtöl sakbornings og verjenda tekin upp og geymd í tiltekinn tíma. Því má velja fyrir sér hvort það eitt og sér sé eðlilegt og hvernig eftirliti með geymslu á þessum upptökum sé háttáð. Er til að mynda hægt að rekja hverjir hafi hlustað á símtölin, hve oft og þá hve mikinn hluta þeirra?

Þótt ekki sé verið að draga í efa heilindi starfsmanna sérstaks saksóknara eða lögregluþyrvalda almennt þá er alveg ljóst að þegar um jafnvíðkvæm gögn er að ræða og raun ber vitni verður meðhöndlun þeirra að vera hafin yfir allan vafa. Trúnaðarsamband verjenda og sakbornings verður að vera tryggt.

Eftirlit lítið sem ekkert

Viðbrögð sérstaks saksóknara í fjölmiðum eftir uppkvaðningu dómsins voru á þá leið að hann hyggist beita sér fyrir því að gera breytingar þannig að atvik sem þessi endurtaki sig ekki. Það er góðra gjalda vert en ekki væri síður mikilvægt ef sérstakur saksóknari myndi beita sér fyrir því að upplýsa hversu oft það hefur gerst fram til þessa að upptökum af símtölum verjenda og sakborninga hafi ekki verið eytt í samræmi við ákvæði

sakamálaganna. Einnig verður að velja upp með hvaða hætti staðið er að eftirliti með símhlerunum og hvort nægjanlegt fjármagn sé til staðar til þess að það eftirlit sé fullnægjandi. Í þessu samhengi má rifja upp að Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, tjáði sig um það í fjölmiðlum fyrir nokkrum árum að þessu eftirliti væri ekkert sinnt vegna manneklu hjá embættinu.

Mikið umfang

Þá er einnig tilefni til þess að staldra við og velja fyrir sér almennt þróuninni varðandi hleranir. Ljóst er að þeim hefur verið beitt í miklum mæli undanfarin ár án þess að það hafi vakið mikla athygli eða umræðu. Í svari við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar á þingi í ársbyrjun 2013 kom fram hjá þáverandi innanríkisráðherra að á árunum 2008-2012 hafi alls 875 beiðnir um hleranir komið fram frá lögreglustjóraembættum og embættum sérstaks saksóknara og að aðeins hafi verið synjað um hlerun í sex tilfellum. Í eitt skipti var sami aðili hleraður í samfelld 110 daga.

Líkt og við á um öll íþyngjandi rannsóknarúrræði þá ber að beita hlerunum af varúð og eingöngu í undantekningartilfellum, enda brýtur hún gegn mannréttindum þeirra sem fyrir verða. Því má velja fyrir sér hvort sú kerfið endurspeglir þá hugsun í ljósi þeirrar tölfræði og þróunar sem hér að ofan greinir.



OVERSÆTTERGRUPPEN

LOST IN TRANSLATION?

Nous traduisons vers le français

我们提供中文翻译服务

Tłumaczymy na polski

Chúng tôi dịch ra tiếng việt

לעברית מתרגמים אנחנו

Tradução para o português

Мы переводим на русский язык

เราปรับเปลี่ยนเป็นภาษาไทย

Türkçe'ye çeviri yapıyoruz

Verčiame į lietuvių kalbą

نحن نترجم اللغة العربية

Traducimos al castellano

Danske Advokater mæla með okkur!

Oversættergruppen
H.C Andersens Boulevard 47, 1
DK-1553 København V

www.oversaettergruppen.dk
info@oversaettergruppen.dk
Tlf.: 0045 38 41 61 00

Þér er velkomið að hafa samband við okkur á íslensku!



F.v. Bergur Ebby Benediktsson, Fanney Birna Jónsdóttir, Eyvindur G. Gunnarsson, Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Sigurðsson og Helga Kristín Auðunsdóttir.

„Við hvað eiga lögfræðingar að starfa í framtíðinni?“

Á LAGADAGINN 4. APRÍL síðastliðinn var boðið uppá málstofu fyrir hádegi sem bar yfirskriftina „Við hvað eiga lögfræðingar að starfa í framtíðinni?“ Þátttakendur voru þau Eyvindur G. Gunnarsson, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst, Guðmundur Sigurðsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Ágúst Þór Árnason, formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri. Í panil sátu Bergur Ebby Benediktsson, lögfræðingur og uppistandari og Fanney Birna Jónsdóttir, hdl. og blaðamaður hjá Fréttablaðinu. Málstofustjóri var Finnur Beck, hdl. hjá Landslögum.

Kveikja umræðunnar er mikil fjölgun í stétt lögfræðinga en á síðustu fimm árum hafa að meðaltali 154 lögfræðingar útskrifast með meistara-gráðu úr lagadeildunum fjórum á ári. Atvinnuleysi var áður svo til óþekkt meðal lögfræðinga en undanfarin tvö ár hafa að meðaltali 60 - 70 verið

skráðir atvinnulausir. Til að svara spurningu málstofunnar héldu fulltrúar lagadeildanna stutta tölu um þeirra framtíðarsýn í lagakennslu, breytt starfsumhverfi lögfræðinga og horfur í atvinnumálum. Fanney Birna Jónsdóttir, hdl. og Bergur Ebby Benediktsson, sem fóru bæði óhefðbundnar leiðir að loknu laganámi, ræddu um ástæður þess og hvort lögfræðin hefði nýst í þeim störfum sem þau sinna.

Nýsköpun í lögfræði

Helga Kristín Auðunsdóttir kynnti alþjóðlega samstarfsverkefnið „Law Without Walls“ sem Bifröst er þátttakandi í. Markmið verkefnisins er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á vinnumarkaði og umbylta þekktum aðferðum í lagakennslu. Dæmi um verkefni er þróun gervigreindarlögfræðings þar sem notast er við gervigreind til þess að leysa úr lögfræðilegum álitæfnum. Verkefnið krefst þess t.d. að lögfræðingar og tölvunarfræðingar vinni náið saman. Að mati Helgu er tæknin það sem koma skal og lögfræðingar þurfi að aðlaga

sig breyttum aðstæðum. Helga telur að fækkun lagadeilda eða takmörkun á inngöngu laganema sé ekki svarið við atvinnuleysi. Það sé hins vegar hlutverk skólanna að undirbúa nemendur til að takast á við nýjar áskoranir og aðstæður vinnumarkaði. Háskólinn á Bifröst hefur brugðist við með því að skerpa sérstöðu sína og endurskipuleggja námið. Helga vill að háskólarnir búi til sitt eigið „Law Without Walls“ verkefni, þar sem nemendur úr ólíkum deildum starfi saman.

Mikilvægt að horfa út fyrir „boxið“

Guðmundur Sigurðsson sagði mikilvægt að lögfræðingar hefðu trú á menntun sinni og að þeir mættu ekki tala fagið niður. Lögfræðingar yrðu að læra horfa út fyrir boxið og það væri í góðu lagi að þeir yrðu ekki lögmenn eða dómamar eða ynnu jafnvel ekki við lögfræðistörf. Það sé röng hugsun að menntun þeirra aðila sem vinna ekki við hefðbundin lögfræðistörf hafi mistekist. Guðmundur telur að fækkun



F.v. Eyvindur G. Gunnarsson, Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Sigurðsson, Helga Kristín Auðunsdóttir og Finnur Beck.

lagadeilda eða takmörkun á inngöngu laganema sé ekki svarið við auknu atvinnuleysi, heldur þurfi að auka víðsýni svo lögfræðingar missi ekki af störfum vegna of þröngrar túlkunar laganáms. Ef háskólarnir myndu takmarka fjölda nemenda í lögfræði þá myndi fjölga í öðrum deildum á félagsvísindasviði því þeir nemendur sem ekki kæmust að í laganámi færu ekki í tækni- eða raungreinar. Háskólarnir yrðu að breikka laganámið og gæta þess að steypa ekki alla í sama mótið. Háskólinn í Reykjavík hefur lagt sitt af mörkum með því að bjóða uppá þverfaglegt laganám og geta nemendur þannig tekið BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein.

Laganám góður grunnur

Ágúst Þór Árnason taldi að lögfræðingar myndu starfa við mun fjölbreyttari störf í framtíðinni. Þegar hann var fréttamaður hjá RÚV fyrir löngu hefði hann fjallað um atvinnumöguleika lögfræðinga og komist að því að fjöldi starfandi lögmannna á Íslandi væri með því mesta á Vesturlöndum miðað við höfðatölu. Ágúst sagði nám Háskólans á Akureyri vera byggt á Bologna yfirlýsingunni sem leggur áherslu á að nemendur lokist ekki inni í ógagnsæju og óskilvirku kerfi námsleiða. Þegar lagadeildin var stofnuð var markmið hennar að laganemar gætu aflað sér menntunar

til þess að gegna fjölbreyttum störfum, m.a. lögmennsku, bæði hér heima og erlendis. Ágúst telur að vel hugsað og útfært nám í lögfræði muni í framtíðinni vera góður kostur fyrir fólk sem vill láta til sín taka í samfélaginu. Laganám sé góður grunnur fyrir æsku hverrar þjóðar til að leita hamingju á sínum eigin forsendum án inngripa frá ríkisvaldi eða hagsmunasamtökum.

Lögfræðingar vilja starfa sem lögfræðingar

Eyvindur G. Gunnarsson sagði blikur vera á lofti í atvinnumálum lögfræðinga, en afleiðing þess að fjöldi útskrifaðra hefði margfaldast væri aukið atvinnuleysi. Nú væri svo komið að 100-130 manns sæktu um einfalda fulltrúastöðu hjá ríkinu. Eyvindur sagði ekkert óeðlilegt við að lögfræðingar sinntu öðrum störfum en hefðbundnum lögfræðistörfum. Þeir sem færu í gegnum fimm ára laganám væru hins vegar flestir að stefna á að starfa sem lögfræðingar. Hann sagðist hafa áhyggjur af nýútskrifuðum og taldi það ekki lausn að segja þeim að fara starfa við annað en lögfræði. Markmiðið ætti að vera að útskrifa færri nemendur og sinna þeim betur en ekki að kenna stórum hópum með sem minnstum tilkostnaði. Háskóli Íslands mun nú í haust setja á fót inntökupróf í lagadeild í fyrsta sinn en með því

verður reynt að tryggja að þeir sem hefja nám við deildina séu vel undir það búinir. Að lokum sagði Eyvindur mikilvægt að hafa í huga að hagsmunir háskólanna færu ekki endilega saman við hagsmuni stéttarinnar, atvinnulífsins og réttarríkisins.

Nýtist laganámið á öðrum sviðum?

Fanney Birna Jónsdóttir og Bergur Ebbs Benediktsson völdu sér ólíkan starfsvettvang að loknu laganámi, hún sem blaðamaður og hann sem uppistandari. Fanney Birna fór í lögmennsku að loknu námi en áttaði sig fljótlega á að hún átti ekki við hana. Fanneyju fannst erfitt að segja upp starfi sínu og fara að gera annað en hún var búin að mennta sig til. Laganámið nýtist henni þó afar vel í núverandi starfi sem blaðamaður. Bergur er uppistandari og sagði námið ekki nýtast mikið í þeim störfum. Hann sagðist ekki geta svarað yfirskrift málstofunnar í fljótu bragði, því fyrst yrði að svara stærri spurningu; af hverju færu svona margir í lögfræði? Hann taldi ástæðuna meðal annars vera þá að lögfræði væri samfélagsgrein og fólk vildi vera undirbúið í lífinu og geta tekist á við áföll, s.s. gjaldþrot, skilnað og fráfall ástvina; „Að loknu laganámi ertu kominn með sverð og skjöld,“ sagði hann.

Að lokum

Tilgangur þessarar málstofu var að vekja lögfræðinga til umhugsunar um breytt starfsumhverfi innan stéttarinnar og reyna svara því hvaða störfum þeir munu gegna í framtíðinni. Niðurstöður fyrirlesara voru helst þær að lögfræðinga bíða mörg störf. Þeir verða hins vegar að aðlagast breyttum tímum, leita nýrra leiða og stíga út fyrir boxið. Geri þeir það ekki er hætt á því að stéttin dragist aftur úr og missi af störfum. Málstofan tókst vel í alla staði og umræður voru bæði skemmtilegar og fræðandi.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir.

Löggjöf um efni fram?

„Raunveruleg pólitísk forgangsröðun birtist oft í fjárveitingum“



F.v. Skúli Magnússon, Ragnhildur Helgadóttir, Páll Þórhallsson, Bjarni Benediktsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristín Völundardóttir og Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Sá sem stjórnar fjárveitingum, stjórnar í reynd

Aðalmálstofa Lagadagsins 2014 bar yfirskriftina „Löggjöf um efni fram?“ og fjallaði um samspil laga og fjárlaga. Málstofustjóri var Skúli Magnússon, héraðsdómari, sem opnaði málstofuna með frásögn af atburðum sem áttu sér stað í Danmörku 1885 þegar forsætisráðherra Dana var sýnt banatilræði. Danmörk rambaði á barmi borgarastyrjaldar vegna deilna er snerust um þingræði og fjárveitingavalld þingsins en fjárveitingum var að miklu leyti stjórnað með bráðabirgðalögum. Í máli hans kom fram að baráttan í Evrópu á þessum tíma hafi ekki síst snúist um þá reglu sem nú er víðast stjórnarskrárbundin; að enga skatta megi setja á nema með lögum. Fjárveitingavalld þings er

mikilvægur hluti af þingræði, sá sem stjórnar fjárveitingum stjórnar í reynd. „Lagasetningarvald án fjárveitingavalds er orðin tóm,“ sagði hann.

Raunveruleg pólitísk forgangsröðun birtist oft í fjárveitingum

Fyrri framsaga málstofunnar var á höndum Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ragnhildur lýsti í erindi sínu hinum stjórnskipulega ramma um fjárlög og fræðikenningum um samspil laga og fjárlaga, auk þess að ræða af hverju þetta samspil skiptir máli. Hún rakti stjórnarskrárákvæðin um fjárstjórnarvaldið og sagði meginregluna um fjárstjórn þingsins styðjast við þau augljósu rök að bæði það að ákveða hvaðan tekjur koma

og í hvað eigi að nota fjármuni sé kjarnaatriði í stjórn málum. Hin hliðin á peningnum sé sú að raunveruleg pólitísk forgangsröðun birtist oft í fjárveitingum.

Munur á fjárlögum og almennum lögum

Ragnhildur rakti þann greinarmun sem telja verður á lögum og fjárlögum en sagði hann þó ekki alveg skýran. Sú kenning sé uppi að um sé að ræða tvær mismunandi réttarheimildir, með mismunandi réttaráhrif, þar sem hvorug haggar hinni. Lög geti þannig ekki breytt fjárlögum og öfugt. Ljóst sé þó að kenningin sé umdeild og að mati fyrirlesara umdeilanleg. Það sé óljóst að hve miklu leyti þessi aðskilnaður laga og fjárlaga byggist á kenningum um eðlismun á þessu



tvennu, og að hve miklu leyti á túlkun stjórnarskrár.

Hvenær verða árekstrar á milli laga og fjárlaga?

Að sögn fyrirlesara verður árekstur laga og fjárlaga aðallega í þremur tilvikum. Í fyrsta lagi er ekki hægt að áætla allar fjárveitingar nákvæmlega. Í öðru lagi getur orðið árekstur þegar sett eru ný lög sem fela í sér útgjöld, án þess að fjárveiting fylgi. Í þriðja lagi skapast vandi þegar ekki er sett fé – eða allt of lítið – í lögbundna starfsemi, t.d. rekstur úrskurðarnefnda, sem geta þá ekki staðið við lögmæltan málsmeðferðartíma.

Lykilatriði hvort lög komist til framkvæmda

Huga þarf að réttaröryggi ef staðan er sú að lög komast ekki til framkvæmda vegna fjárskorts. Það er slæmt þegar lög eru sett en eru að hluta eða öllu leyti óvirk í reynd. Ragnhildur sagði erfitt að átta sig á raunverulegri réttarstöðu ef ekki er hægt að sjá hvort birt lög í lagasafni séu í raun virk.

Huga þarf að verkaskiptingu Alþingis og stjórnarsýslu. Það er tvískinnungur af hálfu þingsins að leggja fyrir samtímis tvö verkefni sem ekki eru samrýmanleg, s.s. rekstur stofnana en án nægilegra fjárveitinga. „Hver á að ákveða hvar á að skera niður, þingið eða viðkomandi forstöðumaður?“ spurði hún. Loks þarf að huga að því að raunveruleg forgangsöröðun Alþingis þurfi að vera skýr fyrir kjósendum. Það sé ótækt að þingið samþykki lög en standi ekki með ákvörðun sinni um mikilvægi málsins þegar kemur að fjárveitingum.

Ragnhildur lagði áherslu á lokaorð sín: „Nema það sé gætt þeim mun betur að því að lög og fjárlög stangist ekki á, er það ekki bara tækniatriði hvernig lög og fjárlög spila saman. Það hefur áhrif á það hvaða lög eru aðgengileg og á að okkur kjósendum

sé ljóst hvernig kjörnu fulltrúarnir forgangsraða í raun. Hvort tveggja er stórmál.“

Er verið að setja lög umfram tilefni?

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri lög-gjafarmála í forsætisráðuneytinu, hélt síðari framsögu málstofunnar. Hann velti upp þeim álitamálum hvort verið sé að setja lög umfram tilefni og hvort við höfum efni á þeim lögum og reglum sem verið er að setja. Hann greindi frá áhyggjum á alþjóðavettvangi af sívaxandi regluvæðingu. Flóknar reglur leiði til þess að sífellt erfiðara verði að átta sig á réttarstöðu og auk þess leiði af regluvæðingunni beinn og óbeinn kostnaður. Vænleg leið til að örva hagvöxt sé að draga úr kostnaði regluverks að því marki sem hægt er.

Þá velti Páll upp þeirri spurningu hvers vegna regluverkið vaxi. Samfélagið verði sífellt flóknara og átt hafi sér stað ákveðið brotthvarf frá meginreglum, þar sem meginreglurnar tynast í orðaflóði. Í samfélaginu sé uppi krafa um að framleiða nýja löggjöf, óháð greiningu á þörf. Lagasetning er talin mælikvarði á árangur ríkisstjórnar og atorku þingmanna.

Hin nýju kjörorð: „Smarter regulation, evidence based policy making“

Páll rakti það sem efst er á baugi í þessum efnum í ríkjum sem standa framarlega á þessu sviði; Bandaríkjunum, Þýskalandi og Bretlandi. Lögð er rík áhersla á greiningu, stefnumörkun og markmiðssetningu, auk mats á valkostum og áhrifum þeirra. Sýna þarf fram á að ávinningur af reglusetningu sé meiri en kostnaður. Kastljósinu er beint að endurmati og einföldun; einnig samráði og langtímaáætlunum um fyrirhugaða löggjöf og heildstæða reglustefnu.

Lærdómur

Að mati Páls má draga margvíslegan lærdóm af nágrönnum okkar. Má þar nefna að mæla ekki einungis skrifinnskukostnað atvinnulífsins heldur einnig allan annan kostnað. Einnig beri að hafa í huga að kostnaður atvinnulífsins af nýjum reglum getur verið meiri en kostnaður ríkisins.

Tilhneigingin er sú að reglubyrði heldur áfram að vaxa en um helm-ingur af nýrri reglubyrði stafar frá Evrópusambandinu. Að sögn Páls eru ofarlega á baugi umræður um hvort ekki eigi, auk mats á kostnaði, að meta einnig skipulegan ávinning af reglusetningu svo skapa megi meira jafnvægi í mati á áhrifum.

Er lagasetning leiðin að ríkiskassanum?

Páll fór nokkrum orðum um stöðuna hér á landi. Við stöndum okkur að mörgu leyti ágætlega og ýmsar framfarir hafa orðið en betur má ef duga skal. Undirbúningur löggjafar í ráðuneytum hefur tekið töluverðum breytingum og er vandaðri. Tímapressa o.fl. veldur því hins vegar að stefnumótun í aðdraganda löggjafar og greining valkosta er oft vanrækt. Páll lagði sérstaka áherslu á að vanda þyrfti enn betur til mats á áhrifum lagafrumvarpa og varpaði upp þeirri spurningu hvort núverandi kerfi kostnaðarmats feli í sér hvata til lagasetningar. „Er lagasetning leiðin að ríkiskassanum?“ Vitnaði hann í ummæli starfssystkina úr ráðuneytum sem segðu að þörf verkefni fengju ekki fjárveitingar nema lagt væri fram lagafrumvarp sem fengi kostnaðarmat fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Áskoranir

Að mati Páls stöndum við frammi fyrir ýmsum áskorunum eins og að halda uppi nútímalegu regluverki með jafn fámenna stjórnarsýslu og raun ber vitni. Samræma þurfi betur væntingar til löggjafar og möguleika

til eftirfylgni. Mat á áhrifum krefjast nýrrar færni og þverfaglegrar nálgunar. „Lögfræðingar þurfa að fara að hugsa á þverfaglegum nótum og vinna meira með hagfræðingum,“ sagði hann og að nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál fæli í sér þessa nýju hugsun.

Pallborð

Að loknum framsöguerindum tóku við pallborðsumræður þar sem Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður, Sigrún Brynja Einarsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs Alþingis, og Kristín Völundardóttir, forstjóri

Útlendingastofnunar tóku þátt.

Bjarni sagði fjárlög ekki fullkomin en gagnleg. Hann nefndi að áhersla sé nú lögð á að lög um opinber fjármál taki einnig til sveitarfélaga og að ríki og sveitarfélög séu samstíga.

Í máli Katrínar kom m.a. fram að meðferð fjárlaga á Alþingi hafi breyst mikið frá hrúni. Hún telji að ef þingið upplifi skort á valdi til fjárveitinga finni það sér leið, s.s. í gegnum safnliði fjárlaga. Katrín benti einnig á þingsályktanir sem eru samþykktar án þess að nokkurt fjármagn fylgi en slíkt dragi úr ábyrgð þingsins.

Sigrún Brynja fjallaði um fjárlaga-

nefnd Alþingis og málsmeðferð fyrir nefndinni.

Kristín ræddi um skort á samráði við fjárlagagerð og varpaði fram þeirri spurningu hvað eigi að gera þegar stofnun geti ekki rekið sig á þeim fjármunum sem úthlutað er til hennar.

Nokkrar umræður urðu þegar framsögumenn og gestir í pallborði svöruðu spurningum í lokin á þessari áhugaverðu málstofu.

Una Björk Ómarsdóttir lögfræðingur.

Aðalfundur



AÐALFUNDIR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS og félagsdeildar LMFÍ 2014 fóru fram miðvikudaginn 30. apríl síðastliðinn.

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru úr starfi félagsins á liðnu starfsári. Að því loknu fylgdi Ingimar Ingason framkvæmdastjóri ársreikningum fyrir árið 2013 úr hlaði. Halli af rekstri lögbundna hluta félagsins nam kr. 1.869.916,- á móti jákvæðri afkomu félagsdeildar upp á kr. 445.388,-. Niðurstaða af rekstri félagsins í heild var því neikvæð um kr. 1.424.528,-.

Jónas Þór var endurkjörinn formaður félagsins og þeir Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., og Óttar Pálsson hrl., voru kjörnir í stjórn í stað Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur hrl., og Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur hrl. Auk þeirra sitja Jóna Björk Helgadóttir hdl. og Karl Axelsson hrl. Í varastjórn voru kjörin þau Berglind Svavarsdóttir hrl., Þórdís Bjarnadóttir hrl. og Árni Þór Þorbjörnsson hdl.

Gústaf Þór Tryggvason hrl., og Othar Örn Petersen hrl., voru kjörnir skoðunarmenn félagsins og Þorbjörg I. Jónsdóttir, hrl., til vara.

Þá voru kjörin í laganevnd félagsins

næsta starfsár þau Reimar Pétursson hrl., Sigurður Guðmundsson hdl., Grímur Sigurðarson hrl., Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl., Eiríkur S. Svavarsson hrl., Stefán Andrew Svensson hrl. og Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.

Kristinn Bjarnason hrl. og Helgi Birgisson hrl. voru kjörnir aðal- og varamaður í úrskurðarnefnd lögmanna frá 1. janúar 2015 að telja.

Loks var á fundinum samþykkt tillaga um að bæta nýrri málsgrein við 8. gr. samþykktá félagsins, en hún felur í sér að þrátt fyrir áskilnað 7. t. l. mgr. 8. gr. samþykktanna, hafi stjórn félagsins heimild til að tilnefna fulltrúa félagsins ad hoc í úrskurðarnefnd lögmanna.

Jóna Björk varaformaður

Nýkjörin stjórn hélt sinn fyrsta fund þriðjudaginn 6. maí s.l. og skipti með sér verkum. Varaformaður er Jóna Björk Helgadóttir, gjaldkeri er Óttar Pálsson, ritari stjórnar er Jóhannes Rúnar Jóhannsson og Karl Axelsson er meðstjórnandi en hann situr jafnframt í stjórn námsjóðs LMFÍ.

VERÐBRÉFAVEFUR VÍB



VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI Á NETINU

Verðbréfavefur VÍB gefur þér kost á að eiga milliliðalaus viðskipti í Kauphöllinni í rauntíma. Á verðbréfavef VÍB nýtur þú lægri þóknana, afsláttar á kaupum í sjóðum auk þess sem þar er ekkert afgreiðslugjald. Nú getur þú með einföldum hætti haft yfirsýn yfir verðbréfasafnið þitt og nýtt fjárfestingartækifærin um leið og þau bjóðast.

- » Lægri kostnaður og ekkert afgreiðslugjald*
- » Milliliðalaus kauphallarviðskipti
- » Upplýsingar í rauntíma
- » Þægilegt viðmót

*25% afsláttur af kaup- og sölubóknun vegna viðskipta með hlutabréf á verðbréfavef VÍB og 10% afsláttur af upphafsgjaldi vegna kaupa í sjóðum Íslandssjóða hf. á verðbréfavef VÍB, skv. vaxta- og verðskrá verðbréfaþjónustu VÍB, en hana má finna á www.vib.is. Ekkert afgreiðslugjald skv. verðskránni er greitt vegna viðskipta á verðbréfavef VÍB.

Öll viðskipti með fjármálagerninga fela í sér áhættu. Rétt er að fjárfestir meti fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu sinni og reynslu, fjárhagsstöðu og fjárfestingamarkmiði. Varhugavert er að eiga viðskipti með fjármálagerninga án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í viðskiptunum felst.

Kynntu þér málið á vib.is eða fáðu nánari upplýsingar í síma **440 4900**.



F.v. Árni Sigurjónsson, Helga M. Óttarsdóttir, Jónína Lárusdóttir, Heiðrún Jónsdóttir og Páll Eiríksson.

Hlutverk lögfræðinga í rekstri fyrirtækja – hryggjarstykki eða hraðahindrun?

Á FJÖLMENNUSTU MÁLSTOFU lagadagsins þetta árið var rætt um hlutverk lögfræðinga í rekstri fyrirtækja. Á undanföllum árum hefur orðið algengara að fyrirtæki ráði svokallaða innanhússlögfræðinga til starfa en áður voru það einkum sveitarfélög og tryggingafélög sem réðu þá. Þátttakendur málstofunnar voru Heiðrún Jónsdóttir, lögmaður á Aktis lögmannsstofu og fyrrum framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskips, Helga Melkorka Óttarsdóttir, einn eigenda og faglegur framkvæmdastjóri Logos, Jónína Lárusdóttir, yfirlögfræðingur Arion banka og Tómas Eiríksson, yfirlögfræðingur Össurar. Stjórnandi málstofunnar var Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marels.

Prír hópar innanhússlögfræðinga

Á málstofunni var meðal annars rætt um hlutverk og stöðu innanhússlögfræðinga í skipuriti fyrirtækja, sjálfstæði þeirra í starfi, samstarf þeirra við utanhússlögsmenn, ávinning fyrirtækja af því að ráða innanhússlögfræðinga til starfa og hvers vegna lögfræðingar ættu að sækja um slík störf.

Fram kom að skipta mætti innanhússlögfræðingum í þrjá hópa. Í fyrsta lagi þá sem sinntu afmörkuðum verkefnum innan deilda fyrirtækja. Í öðru lagi þá sem sinntu tilteknum rekstrarþáttum, samningum o.s.frv. (e. inhouse counsel) og loks í þriðja lagi þá sem sinntu fyrirtækjaráðgjöf (e. corporate counsel). Gjarnan sinntu lögfræðingar þó verkefnum sem féllu í tvo síðarnefndu flokkana og bæru þá starfsheitið yfirlögfræðingur (e. general counsel).

Munur á lögmönnum innan og utan fyrirtækja

Þátttakendur virtust sammála um að með nokkurri einföldun mætti segja að hlutverk innanhússlögfræðinga væri fremur fólgið í því að vinna að stefnumótun til framtíðar og koma í veg fyrir „slys“ á meðan utanhússlögsmenn kæmu að málum eftir að ákvarðanir hefðu verið teknar og „slökkva þyrfti elda“. Af þessum sökum væri mikilvægt að innanhússlögfræðingar hefðu aðgang að mikilvægum upplýsingum úr rekstri fyrirtækis og störfuðu náið með æðstu stjórnendum þess. Oft á tíðum

væru æðstu stjórnendur fyrirtækja ekki lögfræðimenntaðir og áttuðu sig því ekki alltaf á þeim lögfræðilegu álitaefnum sem taka þyrfti til skoðunar hverju sinni. Það væri hins vegar hlutverk innanhússlögfræðinga að koma auga á þessi álitaefni. Þeir væri því oft í því hlutverki að „búa til“ málin meðan utanhússlögsmenn fengju „tilbúin“ mál í hendur.

Þrátt fyrir mikilvægi innanhússlögfræðinga virtust þátttakendur á einu máli um að þeir kæmu ekki í stað utanhússlögsmanna. Sum mál, einkum þau sem vörðuðu mikla hagsmuni, tengdust fyrirtæki eða æðstu stjórnendum þess náið eða mál sem rekin væru fyrir dómstólum, væru þess eðlis að betur færi á að úthýsa þeim til utanhússlögsmanna. Í slíkum tilvikum gegndi innanhússlögfræðingur hins vegar því mikilvæga hlutverki að skilgreina verkefnið sem falið væri utanhússlögsmanninum, útvega gögn o.s.frv. Þá gæfist gjarnan færi á að kafa dýpra ofan í hlutina heldur en ef enginn lögfræðingur starfaði innan veggja fyrirtækisins. Þá væri eðli máls samkvæmt munur á réttarstöðu innanhússlögfræðinga, sem ættu í vinnuréttarsambandi við fyrirtækin,

og utanhússlögmanna sem gegndu ráðgjafarhlutverki.

Þeir þátttakendur sem gegnt höfðu störfum innanhússlögfræðinga voru einhuga um að starfið væri skemmtilegt og krefjandi. Aðeins einum umbjóðanda væri sinnt í stað margra og því væru verkefni oft á tíðum mjög fjölbreytt. Utanhússlögmenn sérhæfðu sig hins vegar gjarnan í ákveðnum verkefnum en veittu þá í staðinn mörgum umbjóðendum ráðgjöf á því sviði.

Sóknarfæri stéttar

Í lok málstofunnar kom fram að á tímum aukins atvinnuleysis meðal lögfræðinga væri eflaust helstu sóknarfæri stéttarinnar fólgin í því að auka þekkingu stjórnenda fyrirtækja á mikilvægi þess að ráða innanhússlögfræðinga til starfa. Vissulega skipti þá máli að hægt væri að sýna fram á að ráðning innanhússlögfræðings leiddi til lægri lögfræðikostnaðar fyrir fyrirtækið.

Málið væri hins vegar ekki svo einfalt. Ráðning innanhússlögfræðings ætti jafnframt að leiða til aukinnar skilvirkni innan fyrirtækis, eins og raunar ætti við um ráðningu allra góðra starfsmanna, en á þessu áttuðu stjórnendur sig síður. Þekking á verkefnum og rekstri fyrirtækisins héldist innanhúss en mikil verðmæti væru fólgin í því.

Ólafur Freyr Frímannsson bdl.

Aþenuferð í haust

ALLS HAFA 26 manns skráð sig til þátttöku í námsferð félagsdeildar LMFÍ dagana 22.-28. september næstkomandi. Auk þess að kynna sér réttarkerfi landsins hyggst hópurinn skoða Aþenu ásamt því að fara til Delfi þar sem véfréttin spáði fyrir gestum og Grikkir til forna töldu vera nafla heimsins. Þóra Valsteinsdóttir safnfræðingur mun verða fararstjóri en hún hefur búið í Aþenu um áratuga skeið.



Löggiltar skjalaþýðingar

Þýðingastofan í Reykjavík

Sími 562 6204 • transrek@transrek.net

.IS

skráðu þitt .is lén
www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is



F.v. Sandra Baldvinsdóttir, Guðrún Sesselja Arnardóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Sigríður Friðjónsdóttir og Karl Axelsson.

Hlutverk verjenda í sakamálum

MÁLSTOFAN UM HLUTVERK verjenda í sakamálum fór vel af stað á Lagadaginn 2014 þar sem Sigurður Tómas Magnússon prófessor kynnti þátttakendur og varpaði fram þeim spurningum sem ætlunin var að ræða. Enginn var með framsögu heldur náðust á flug mjög góðar umræður með þátttöku allra, bæði við pallborðið og í salnum. Sigurði Tómasi er einkar lagið að stjórna umræðum sem þessum og „ná með sér salnum“. Honum brást heldur ekki bogalitin í þetta sinn.

Má verjandi ræða við vitni?

Fyrsta spurningin var um hvort verjendum væri heimilt að ræða við vitni áður en kemur að vitnaleiðslum fyrir dómi. Hér er um að ræða raunhæft álitamál, samanber nýfallinn dóm í svokölluðu Al-Thani máli sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Karl Axelsson hrl. taldi að verjendum væri beinlínis skylt að afla upplýsinga frá vitnum, öðruvísi væri þeim ekki gert kleift að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, en áréttaði að upplýsingasöfnun ætti að vera hlutlæg því auðvitað væri óheimilt að hafa áhrif á vitnið. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari var ósammála og taldi að verjendum væri þetta óheimilt enda væri engin „pósítíf“ heimild til að ræða við vitni í lögum um meðferð sakamála. Ekki væri hægt að draga aðra ályktun en þá að þar með væri slíkt óheimilt. Sigríður lýsti því jafnframt

að sækjendur ræddu aldrei við vitni fyrir aðalmeðferðir. Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl. sagðist að jafnaði ekki ræða við vitni fyrir aðalmeðferðir og varpaði fram þeirri spurningu hvort það væri í raun æskilegt, óháð því hvort það væri leyfilegt eða bannað, og tók Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari undir það. Hún taldi þetta á gráu svæði og vissulega vandmeðfarið. Að hennar mati færi betur á því að sönnunarfærslan, þ.e. vitnaleiðslan, færi fram fyrir dóminum en ekki á skrifstofum lögmanna. Karl áréttaði að vel væri hægt að setja ákvæði í siðareglur lögmanna um slík samtöl við vitni að norrænni fyrirmynd. Hann áréttaði jafnframt þá skoðun sína að það væri hluti af grundvallarréttinum sakaðs manns að fá að vita hvað á hann væri borið og það væri ótækt að enginn vissi hvað vitni hefðu fram að færa fyrir en í dómsal væri komið, ekki síst fyrir verjendum.

Á þessum tímupunkti kvaddi Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og fyrrum hæstaréttardómari sér hljóðs og taldi að hér væri verið að gera einfalt mál flókið. Það væri klárt í hans huga að verjandi mætti alls ekki hafa áhrif á vitni en það væri liður í vörn að tala við vitni til að fá upplýsingar um hvað þau ætluðu sér að segja fyrir dóminum. Þá taldi Jón Steinar að þar sem lög um meðferð sakamála bönnuðu ekki með berum orðum slík samtöl væru þau verjendum heimil.

Mega verjendur segja sig frá málum?

Fleiri spurningum og álitaefnum var varpað fram með þessum hætti af hálfu Sigurðar Tómasar og urðu áhugaverð og skemmtileg skoðanaskipti um þau öll, venjulega með þeim hætti að fyrrnefndur Jón Steinar hafði lokaorðið.

Vert er að gera hér skil umræðum um álitaefnið hvort verjendum væri heimilt að segja sig frá málum meðan þau væru undir rekstri héraðsdóms, eins og nýleg dæmi eru um. Þar lýsti Sigríður Friðjónsdóttir m.a. þeirri skoðun sinni að verjendum væri þetta alls óheimilt enda heimiluðu lög um meðferð sakamála það ekki. Það væri dómari sem skipaði verjenda í starf sitt og einungis hann gæti leyst verjanda undan starfinu. Flestir viðstaddir tóku undir það sjónarmið og að ef verjandi óskaði eftir lausn frá starfi þá væri það dómarans að meta hvort málefnalegar ástæður lægju að baki slíkrar beiðni. Ef hann hafnaði beiðninni þá yrði verjandinn að halda áfram.

Öðrum spurningum og álitaefnum var fleygt fram og rædd frá ýmsum hliðum. Sem fyrr segist urðu úr skemmtilegar og áhugaverðar umræður með þátttöku margra í salnum. Voru allir á einu máli um að vel hefði tekist til þennan lagadaginn.

Þyrí Steingrimsdóttir hrl.



Lögfræðingar með nýja sýn

BS nám í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst hefur verið í boði við skólann frá 2001 og ML í lögfræði frá 2004. Grunnnámið tekur mið af þróun viðskiptalífsins, samfélagsins og viðfangsefnum líðandi stundar. Meistaránámið er sniðið að þörfum þeirra sem lokið hafa grunnnámi í viðskiptalögfræði en vilja hasla sér völl á hefðbundnum starfsvettvangi lögfræðinga. Það veitir jafnframt rétt til að þreyta próf til lögmannsréttinda.

Lögfræðisvið Háskólans á Bifröst tekur þátt í alþjóðlegu verkefni sem nefnist LawWithoutWalls með sumum af virtustu lögfræðideildum heims um nýsköpun á sviði lögfræði.

Velkomin í Háskólann á Bifröst
– *hvar sem þú ert!*

www.nam.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Upplýsingaöryggi

MÁLSTOFU UM UPPLÝSINGAÖRYGGI var stjórnað af Björgu Thorarensen prófessor við lagadeild Háskóla Íslands en fyrirlesarar voru héraðsdómslögmenirnir Hörður Helgi Helgason hjá Landslögum og Páll Ásgrímsson hjá Juris auk Þorvarðar Kára Ólafssonar gæða- og öryggisstjóra hjá Þjóðskrá Íslands.

Hvað er upplýsingaöryggi?

Hörður Helgi hóf fyrirlestur sinn á því að fjalla um hvað væri upplýsingaöryggi og hvers vegna það væri orðinn mikilvægur þáttur í þjóðfélögum nú til dags. Hann fór yfir þrjá meginþætti sem felast í upplýsingaöryggi, þ.e. að upplýsingar séu áreiðanlegar, þær séu tiltækar og að leynd hvíli yfir þeim þegar það á við. Til samanburðar benti hann á ýmis önnur svið þjóðfélagsins sem fjölluðu um öryggi, s.s. matvælaöryggi og umferðaröryggi. Hann nefndi síðan að það væri hlutverk lögfræðinga að henda reiður á því hvernig rétt er að haga löggjöf um upplýsingaöryggi og hvernig slík löggjöf skuli túlkuð. Mikilvægt væri að ná heildaryfirsýn yfir sviðið, stjórnun upplýsingaöryggis fælist í því að stjórnendur fyrirtækja setji fyrirtækinu öryggisstefnu, í framhaldinu er áhættumat unnið og öryggisráðstafanir gerðar

ásamt því að innra og ytra eftirliti er sinnt eftir þörfum. Ytra eftirlit væri meðal annars fólgið í eftirliti eftirlitsstofnana, s.s. Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar. Í máli Harðar kom fram að oft væri á það bent að löggjöfin kæmi of seint til leiks þegar tæknin væri annars vegar.

Hörður sagði það eðlilegt svigrúm sem yrði að játa nýjungum á tæknisviðinu því ella kynni framþróun að vera haldið í skefjum. Hörður fór því næst yfir samantekt sem hann hafði gert á íslenskum lögum sem fjalla um upplýsingaöryggi af einhverju tagi og rakti ályktanir sem hann dró af þeim. Meðal annars kom fram að almennt er í slíkri löggjöf ekki að finna neina heildarumfjöllun eða skipulag um upplýsingaöryggi, heldur er iðulega verið að bregðast við afmörkuðum vandamálum. Niðurstaða hans var að lögfræðingar þurfi að þekkja til upplýsingaöryggis einkum vegna þess að það er að verða sjálfgæfnn hluti af þjóðfélaginu og ella væri hættan sú að löggjöfin yrði úr takti við þjóðfélagið.

Upplýsingaöryggi í fjarskiptarétti

Páll Ásgrímsson fjallaði því næst um ákvæði fjarskiptaréttarins um

upplýsingaöryggi og tillögur sem liggja fyrir Alþingi um flutning netöryggisveitar frá Póst- og fjarskiptastofnun til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Einnig fjallaði hann stuttlega um hið svokallaða Vodafoneatvik, þegar brotist var inn í kerfi Vodafone og upplýsingum um viðskiptavini stolið.

Páll benti meðal annars á að innbrotið í netþjón Vodafone hafði áhrif á hlutabréfaverð félagsins auk þess sem fjöldi málsókna er hafinn eða er fyrirhugaður vegna leka á viðkvæmum persónuupplýsingum. Í skýrslu netöryggisveitar um atvikið kom fram að tyrkneskur hakkari hefði brotið sér leið inn á netþjón Vodafone, stolið gögnum og dreift þeim á netinu. Upplýsingarnar voru ýmsar viðkvæmar persónuupplýsingar, lykilorð viðskiptavina og jafnvel kreditkortanúmer. Netöryggisveitin taldi í kjölfar atburðanna nauðsynlegt að breyta verklagi og minnka þann tíma sem líður frá því atvik upp-götvast þar til sveitinni er kunnugt um málsatvik. Þá rakti hann stuttlega ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sem taldi óumdeilt að umrædd gögn hefðu verið á fjarskiptaneti Vodafone og um þau gildi því ákvæði fjarskiptalaga. Páli var falið að gera almenna úttekt á net- og upplýsingaöryggi í kjölfar

atviksins og niðurstaða hans var að lagaumhverfið hér á landi væri býsna gott í samanburði við nágrannalöndin en framkvæmd laganna mætti hins vegar bæta. Póst- og fjarskiptastofnun hefði verið fengið tvíþætt hlutverk með vistun netöryggissveitarinnar sem gæti leitt til hagsmunaaárekstra. Annars vegar með því að gegna leiðbeinandi þjónustuhlutverki og hins vegar almennu eftirlitshlutverki. Lagði hann meðal annars til að netöryggissveitin yrði færð til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þar sem sú breyting er lögð til. Einnig kom fram í úttekt Páls að rétt væri að auka umfang og starfsemi sveitarinnar þannig að hún taki einnig til net- og upplýsingaöryggis stjórnvalda sérstaklega.

Hættur sem steðja að upplýsingaöryggi

Þorvarður Kári kom með sýn tækni-mannsins á umræðuna og rakti þær ógnir sem steðja að upplýsingaöryggi og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Þorvarður Kári fór yfir þau svið sem upplýsingaöryggi er ætlað að vernda, þ.e. fjármuni, friðhelgi einkalífs, hugverkaréttindi, líf og heilsa manna o.s.frv. Helstu ógnirnar

sem steðja að eru óhöpp, náttúruvá, fjárvik, persónunjósnið, hleranir, hugverkastuldur, skemmdarverk, valdarán, hryðjuverk og netárásir. Þorvarður Kári lýsti meðal annars nýlegum dæmum um hvernig einkagögnum hafi verið læst á tölvum fólks með spillihugbúnaði og þau ekki gerð aðgengileg fyrir en lausnargjald hafi verið greitt. Einnig lýsti hann tilvikum um njósnir um fréttamenn til að nálgast upplýsingar sem þeir hafa undir höndum og njósnahugbúnaði sem var komið fyrir í tölvum til að stela auðkennislyknum. Bent var á að heildarsýn skorti oft hjá fyrirtækjum þegar netöryggismál væru annars vegar og iðulega væri verið að tryggja varnir á mjög afmörkuðum sviðum. Nefndi hann mikilvægi þess að fræða og mennta almenning til að hann væri betur í stakk búinn til að verjast þeim ógnum sem steðja að.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?


Nokkur umræða skapaðist í lok málstofunnar þar sem velt var upp álitaeftum um hvernig rétt væri að skipa þessum málum til framtíðar. Meðal annars var spurt hvort heildrænan lagabálk um upplýsingaöryggi skorti. Í svörum

þátttakenda kom fram að til staðar væri löggjöf um persónuvernd sem væri ætlað að taka heildrænt á þessum málaflokki en einnig væri að finna kafla um persónuvernd í öðrum lögum, s.s. fjarskiptalögum og því ljóst að nokkur skörun er á starfsemi eftirlitsstofnana. Spurning væri því hvort rétt sé að samræma betur starfsemi eftirlitsstofnana eða færa allt eftirlit undir eina stofnun. Einnig var bent á galla á refsilöggjöfinni hvað snertir refsiverð brot á þessu sviði, s.s. tölvuinnbrot þar sem komist er í einkamál manna, enda þarf þá viðkomandi að höfða einkarefsimál til að ná fram refsingu. Að síðustu var stuttlega fjallað um rafeyri eða dulmálsmyntir og því velt upp hvernig slíkur eyrir eða myntir yrðu skilgreindar í fræðikerfi lögfræðinnar, s.s. hvort um eignarréttindi væri að ræða eða hvort um væri að ræða gjaldmiðil. Nefnt var að fyrri leiðin ylli vanda í tengslum við skattskyldu en seinni leiðin færi ekki saman við núgildandi lög um Seðlabanka Íslands og lög um gjaldmiðil Íslands þar sem íslenska krónan er nefnd sem eini lögeyrir landsins og útgáfa í höndum Seðlabankans.

Ingví Snær Einarsson bdl.

Góð aðsókn að námskeiðum félagsdeildar

ALLS 234 ÞÁTTTAKENDUR voru á námskeiðum vorannar 2014 og hafa aldrei fleiri sótt námskeið á einni önn. Mest sótt námskeiðið að þessu sinni var um ógildingarfræði stjórnsýsluréttarins með Páli Hreinssyni dómara við EFTA dómstólinn. Að jafnaði stendur félagsdeild fyrir 20-25 námskeiðum fyrir lögmenn á hverju ári sem eru flest á bilinu 2-4 tímar að lengd. Að þessu sinni var brugðið út frá venju og fenginn lögfræðingur frá Danmörku sem var með tveggja daga námskeið í „Drafting and Negotiating International Contracts.“





En orðstír deyr aldregi

Á VEL HEPPNUÐUM Lagadegi 2014 sótti undirrituð rökstóla um þá fornu íþrótt Íslendinga að standa í meiðyrðamálum. Þátttakendur voru Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, hæstaréttarlögmennirnir Gunnar Ingi Jóhannsson og Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson og blaðamaðurinn Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans. Stjórnandi var Ása Ólafsdóttir, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

Æskilegt að „af-refsivæða“ ærumeiðingalöggjöfina

Gunnar Ingi lýsti með greinargóðum hætti af hverju lagabreytinga væri þörf á þessu sviði sem og viðhorfsbreytinga hjá dómstólum landsins. Æskilegt væri að færa ærumeiðingalöggjöfina úr hegningarlögum yfir í einkamála-löggjöfina enda væri engin ástæða til að beita refsingum við brotum sem þessum. Í því sambandi benti hann á að önnur ríki heims væru ýmist búin að „af-refsivæða“ málaflökkinn eða beittu ekki refsingum þrátt fyrir heimildir. Þá taldi hann engin rök fyrir því að málaflökkurinn væri undanþeginn dómstólagjöldum.

Gunnar Ingi gagnrýndi að stefnendur þyrftu almennt ekki að sýna fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni

því þeir krefðust almennt miskabóta vegna meintra ærumeiðingabrota án þess að styðja það gögnum. Eðlilegra væri að gera þá kröfu til stefnenda að þeir geri miska sinn sennilegan. Þá fallist dómstólar almennt, sé stefndi sakfelldur, á kröfu stefnanda um bætur vegna birtingar dóms í fjölmiðli en Gunnar Ingi vissi ekki nein dæmi þess að slíkur dæmdur kostnaður hafi verið nýttur í raun til greiðslu við birtingu dómsniðurstöðu og velti af þeim sökum upp hver raunverulegur tilgangur slíks tildæmðs kostnaðar úr hendi stefnda væri. Þá taldi hann að rökstuðningur í ærumeiðingamálum væri almennt ekki nógu greinargóður þar sem oftast en ekki væri eini rökstuðningurinn að með vísan til málsatvika „yrði að telja hin umstefndu ummæli ærumeiðandi“. Það væri ólíkt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem sakfelling væri rökstudd með mjög ítarlegum hætti.

Gunnar Ingi gagnrýndi að málskostnaður sé almennt látinn niður falla í ærumeiðingamálum ef stefndi er sýknaður sérstaklega ef stefndi er fjölmiðill eða starfsmaður fjölmiðils. Að lokum sagði hann gagnrýnisvert hve erfitt væri að fá áfrýjunarleyfi í þessum málaflökki og undraðist mjög að blaðamenn fengju ekki að áfrýja á þeim grunni að úrslit málsins varðaði mikilvæga hagsmuni þeirra.

Gagnrýni á refsileysi

Vilhjálmur Hans velti upp þeirri spurningu af hverju dómarrar dæmdu almennt ekki refsingu þegar um ærumeiðingabrot væri að ræða og taldi að þeim bæri skylda til þess á meðan löggjöfin væri með þeim hætti sem hún er. Varðandi miskabætur sagði hann löglíkur fyrir að þólandi ærumeiðinga hafi orðið fyrir ólögmeiri meingerð svo ekki væri unnt að gera ríkari kröfur til sönnunar þar um, ekki frekar en til miskabótakrafna í öðrum málaflökum. Þá ræddi hann um ábyrgð fjölmiðla hvað ærumeiðingabrot varðar.

Meiðyrði notuð til þöggunar

Þórður Snær ræddi um áhrif ærumeiðingamála á rekstrarumhverfi fjölmiðla og möguleg skaðleg áhrif þeirra á þjófðélagsumræðu. Fjölmiðlar, líkt og sá sem hann ritstýrir, séu mjög viðkvæmir fyrir óvæntum kostnaðarliðum og þrátt fyrir að ærumeiðingamál vinnist sitji fjölmiðillinn uppi með mikinn kostnað sem ekki fæst bættur. Þannig væri í raun unnt að keyra fjölmiðil í gjaldþrot með því að höfða ítrekað tilhæfulausa málsókn gegn honum með tilheyrandi kostnaði fyrir fjölmiðilinn þrátt fyrir fullnaðarsigur í málinu. Þetta geti því



F.v. Elfa Ýr Gylfadóttir, Þórður Snær Júlíusson, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Gunnar Ingi Jóhannsson og Ása Ólafsdóttir.

haft kælingaáhrif á fjölmiðla sem gætu veigrað sér við að fara fram með mál, sem vissulega ættu erindi í fjölmiðla, af þeirri ástæðu einni að fréttafnið, eða sá sem því tengist, væri líklegur til að höfða mál gegn þeim og reyna að knésetja. Með þessum hætti væri unnt að nota ærumeiðingamál sem tæki til að þagga niður í fjölmiðlum.

Stefnumótun skortir

Elfa Ýr benti á að þrátt fyrir vaxandi fjölda ærumeiðingamála hjá dómstólum hefði málum hjá siðanefnd Blaðamannafélags Íslands ekki fjölgað. Elfa velti upp spurningum um það hvort unnt væri að vernda friðhelgi einkalífsins með öðrum hætti en með rekstri meiðyrðamála fyrir dómstólum. Elfa Ýr benti á ákvæði fjölmiðlalaga

sem nýst gætu í ærumeiðingamálum, þ.e. 39. gr. um andsvararétt og 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur auk siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Elfa Ýr fór yfir þau úrræði sem notuð eru á Norðurlöndum og Bretlandi en þar eru starfandi siðanefndir, sem eru sjálfstæðar stjórnsýslunefndir, í mismunandi formum þó. Taldi Elfa Ýr að á Íslandi skorti stefnumótun um hvernig eigi að haga þessum málaflokki, t.d. hvort setja ætti á stofn siðanefnd og hvort hún væri þá tengd stjórnsýslunni, en þar með væri kominn vettvangur til að leysa úr ærumeiðingamálum án þess að þau hefðu neikvæð áhrif eða kælingaáhrif á fjölmiðla auk þess að tryggja að þeir sem telji á sér brotið geti leitað réttar síns.

Í lokin

Skemmtilegar umræður sköpuðust undir styrkri stjórn Ásu, sem gaf áheyrendum umhugsunar- og álitaefni til íhugunar í hlé. Margar fyrirspurnir bárust úr sal auk fróðlegra innleggja þar sem m.a. var rætt um að fjölmiðlar mættu margir hverjir vanda umfjöllun sína betur og biðjast afsökunar hafi þeir brotið gegn ærumeiðingalöggjöf og mikilvægi þess að dómstólar rökstyðji niðurstöður dóma sinna í takt við vandaðar vinnuaðferðir Mannréttindadómstóls Evrópu. Málstofa þessi var mjög vel heppnuð, frum-mælendur voru fróðir og skemmtilegt að heyra þeirra skoðanir sem lituðust af ólíkum sjónarhornum þeirra.

Auður Björg Jónsdóttir bdl.

Lagapýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir pýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta. Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni pýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL ÞÝÐINGASTOFA



F.v. Unnur Gunnarsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir og Páll Gunnar Pálsson.

Valdheimildir stjórnsýslunnar

ÖNNUR FJÖLMENNASTA MÁLSTOFA Lagadagsins 2014 var um valdheimildir stjórnsýslunnar. Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og adjúntk við lagadeild Háskóla Íslands var með inngangserindi þar sem hann fjallaði um þvingunarráðstafanir og valdheimildir stjórnsýslunnar. Til að varpa ljósi á valdheimildir stjórnvalda og hvernig meðferð þeirra skuli háttáð leit Hafsteinn til grunngilda réttarríkisins sem skapa stjórnsýslunni og ríkisvaldinu þann ramma sem það þarf að starfa eftir. Ef gengið er út frá því að valdið komi frá borgurinum, og því beri að beita í þágu þeirra, þá strax skapar það ákveðinn ramma og óskráðar reglur. Lýðræði, valdgreining, réttarríki, mannréttindi og fleiri grunngildi eru undirstaða meginreglna stjórnsýsluréttarins, svo sem lögmætisreglunnar, réttmætisreglunnar, reglunnar um meðalhóf, rannsóknarskyldunnar, jafnræðisreglunnar o.s.frv. Vandaðir stjórnsýsluhættir og um leið vönduð beiting valdheimilda gengur lengra en bara að fara eftir lögum í víðtækri merkingu, því það þarf einnig að líta til óskráðra meginreglna, undirstöðuviðmiða og grunngilda. Einfaldað svar Hafsteins við því hvernig beri að

beita stjórnsýslureglum var að þeim skuli beitt á forsvaranlegan og helst vandaðan hátt.

Hagmunir almennings

Að loknu erindi Hafsteins tóku við umræður þar sem Unnur Gunnarsdóttir forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri, Garðar G. Gíslason hdl. hjá LEX og Gunnar Sturluson hrl. hjá LOGOS tóku þátt. Eiríkur Jónsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, stjórnaði umræðum. Páll Gunnar, Bryndís og Unnur, fulltrúar stjórnvalda í umræðunum, lögðu öll áherslu á að þeir hagsmunir sem stjórnvöld væru að gæta væru almannahagsmunir og að stjórnvöld væru mjög meðvitund um að gæta að meginreglum stjórnsýsluréttarins við beitingu valdheimilda. Páll Gunnar tók sérstaklega fram að umræðan hjá lögmönnum og atvinnulífínu væri gjarnan út frá hagsmunum viðkomandi fyrirtækis, þ.e. að vernda þyrfti fyrirtækin gegn ágangi eftirlitsaðila. Þessi orðræða fór að hans mati hátt fyrir hrun og hún væri að fara á stjá aftur. Hann taldi lögmenn horfa alltof lítið til meginhlutverks eftirlitsaðila – þ.e.

almannahagsmunanna sem þeim er falið að efla.

Of langt gengið?

Þetta viðhorf Páls endurspegladist í umræðum lögmanna tveggja í pallborðinu, þeirra Garðars og Gunnars, þar sem þeir gerðu báðir að umtalsefni að of langt hefði verið gengið í beitingu valdheimilda í kjölfar hrunsins. Gunnar lagði áherslu á að við rannsóknir, s.s. húsleitir, hefði í mörgum tilvikum verið gengið miklu lengra en meðalhófið leyfir. Til dæmis virtust engin takmörk á því hvaða gögn stjórnvöld leyfðu sér að leggja hald á við húsleitir algjörlega óháð því hvort þau tengdust rannsókninni eða ekki.

Garðar leiddi umræðuna að því hvernig valdheimildum hefði eftir hrun verið „dreift eins og karmellum“. Bæði hefðu nýjar valdheimildir verið fengnar stjórnvöldum eins og Seðlabanka Íslands, og vísaði þar til gjaldeyriseftirlits Seðlabankans, en svo einnig að eldri stjórnvöld hefðu fengið mjög auknar valdheimildir. Beiting þessara nýju valdheimilda hefðu að hans mati ekki verið með nægilega góðum hætti. Gunnar benti á að það væri engan veginn eðlilegt að stjórnvöld væru með sömu rannsóknarheimildir og lögregla í

málum sem varða brot á almennum hegningarlögum.

Leiðbeiningahlutverk stjórnvalda

Nokkur umræða átti sér stað í pallborði um leiðbeiningarhlutverk stjórnvalda. Fulltrúar lögmanna lögðu áherslu á hve mikilvægt það væri fyrir fólk og fyrirtæki að geta fengið leiðbeiningar frá stjórnvöldum um það hvernig á að hegða sér við tiltekna aðstæður og tryggja þannig fyrirfram að fyrirtækin starfi í samræmi við lög og reglur. Páll Gunnar benti á að í um 80% tilvika þar sem upp hefur komist um brotlega háttsemi þá hafi fyrirtæki áður fengið leiðbeiningu frá Samkeppniseftirlitinu. Þá nefndi Páll að á síðasta ári hefði eftirlitið átt um 800 fundi með fólk og fyrirtækjum þar sem veittar voru leiðbeiningar.

Unnur nefndi einnig að mikil orka færi í það hjá Fjármálaeftirlitinu að veita leiðbeiningar en að stjórnvöld yrðu að vera mjög meðvituð um að ganga ekki of langt í því hlutverki sínu. Stjórnvöld megi þannig alls ekki verða einhvers konar meðákvörðunaraðili fyrirtækja á viðkomandi markaði, sem gæti orðið mjög hættulegt samspil.

Í lokin

Af umræðum mátti helst ráða að lögmenn teldu að mikið skorti upp á að stjórnvöld hefðu beitt valdheimildum sínum á forsvaranlegan og vandaðan hátt í kjölfar hrunsins og að of langt hefði verið gengið í að fá stjórnvöldum valdheimildir sem ekki voru til staðar áður. Eins og gefur að skilja voru fulltrúar stjórnvalda ekki sammála þessari túlkun og lögðu áherslu á að stjórnvöld væru varfærin



Hafsteinn Dan Kristjánsson.

í beitingu valdheimilda og að engar ákvarðanir væru teknar nema að mjög vel ígrunduðu máli.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir bdl.

Litla prent

Stór verk - lítið mál



Skemmuvegi 4 // Sími 540 1800 // www.prent.is



Lagadagskvöld

Punkturinn yfir i-ið

LAGADAGURINN 2014 þótti takast einstaklega vel og kvöldið sló öll met í mætingu og gleði. Anna Birna Práinsdóttir sýslumaður í Vík í Mýrdal brá sér bæjarleið til Reykjavíkur og tók að sér veislustjórn. Segja má að hún hafi borið með sér andblæ sveitarómantíkur sem féll lögfræðingum og mökum þeirra einkar vel í geð. Að borðhaldi loknu sá Páll Óskar Hjálmtýsson um að þeyta skífur. Ekki er vitað til þess að nokkur sála hafi drukkið of mikið eða dansað of lítið.



Anna Birna Práinsdóttir.



F.v. Ólafur Freyr Frímansson, Erla Gísladóttir, Sigrún Helga Jóhannsdóttir og Rán Ingvarsdóttir.



Anna Birna fékk aðstoð Helga Jóhannssonar og Jónu Bjarkar Helgadóttur við söng. Þarna voru þau að syngja „me me me me me.“



Kristján Thorlacius og Þóra Hjaltested.



Valtýr Sigurðsson og Sigríður Friðjónsdóttir.



Guðjón Ólafur Jónsson (til vinstri) og Ása Ólafsdóttir.



Ásta Sigrún Helgadóttir og Þorsteinn Einarsson.



F.v. Hafsteinn Þór Hauksson, Haukur Örn Birgisson, Tómas Eiríksson, Árni Sigurjónsson og Eggert Páll Ólason.



Anna Birna sæmdi Brynjar Níelsson heiðursnafnbótinni „Býflugan 2014“ fyrir að vera sífellt að suða og suða og suð... Til öryggis klæddist hún býflugnagalla við afhendinguna enda eru stungur býflugna ekkert grín.



JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Símahlustun og lögbrot

Í DÓMI HÉRAÐSDÓMS Reykjavíkur frá 5. júní 2014 í máli nr. S-553/2013, svonefndu Imon-máli, er tekið fram að sérstakur saksóknari hafi gerst brotlegur við lög við framkvæmd hlustunar síma tveggja ákærðu, en til hennar hafði hann fengið heimild með dómsúrskurði. Heimildin til hlustunar tók til ákveðins tímabils í janúar og febrúar 2011. Þegar ákærðu og verjendur þeirra fengu aðgang að upptökum vegna símahlustana, eftir að ákæra hafði verið gefin út, var þar að finna upptökur símtala sem ákærðu höfðu átt við verjendur sína vegna rannsóknar málsins. Um þetta segir í dómnum:

„Með vísan til 1. mgr. 36. gr. laga um meðferð sakamála bar rannsakanda að láta af símhlustun og stöðva upptöku þegar ljóst var að um var að ræða samtal milli ákærðu og verjenda þeirra. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 85. gr. sömu laga bar jafnframt að farga upptökum símtalanna þegar í stað. Hvorugt var gert og fólu framangreindar rannsóknaraðgerðir, eins og að þeim var staðið, í sér brot gegn tilvitnuðum ákvæðum laga um meðferð sakamála.“

Mikilvægt er að því er slegið föstu í dómnum að um lögbrot hafi verið að ræða, enda ekki um einstakt tilvik að ræða. Aðalatriðið er þó að gerðar verði úrbætur á bæði framkvæmd símahlustunar og eftirliti með henni.

Erindi LMFÍ til ríkissaksóknara

Ríkissaksóknari á lögum samkvæmt að hafa ákveðið eftirlit með símahlustun. Í því skyni hefur hann gefið út sérstök, skrifleg fyrirmæli til lögreglustjóra og sérstaks saksóknara, sbr. fyrirmæli nr. 1/2012.

Á síðasta ári, nánar tiltekið 16. apríl 2013, óskaði stjórn Lögmannafélags Íslands eftir fundi með ríkissaksóknara til þess að ræða framkvæmd símahlustunar og eyðingu upplýsinga þegar um samtöl lögmanna og sakborninga væri að ræða.

Í svari ríkissaksóknara, sem Lögmannafélaginu barst 17. apríl 2013, kemur fram að ekki sé tímabært að funda sérstaklega með Lögmannafélaginu vegna þessa. Á hinn bóginn muni ríkissaksóknari á næstu vikum upplýsa félagið um tilhögun eftirlits embættisins með hlustunum lögreglu og breytta framkvæmd á því sviði.

Frá því að framangreint svar ríkissaksóknara barst Lögmannafélaginu hefur erindi stjórnar félagsins tvívegis verið ítrekað. Þegar þetta er ritað hefur ekkert frekara svar borist félaginu.

Svörin vekja vafa um meintar úrbætur

Svör ríkissaksóknara við spurningum blaðamanna í tilefni nýgengins dóms í Imon-málinu veita því miður ekki skýrar vísbendingar um hvort brugðist hafi verið við ábendingum og kvörtunum með breytingum og þá hverjum, eftir að umræður um framkvæmd símahlustunar og eftirlit með henni tóku kipp á fyrri hluta árs 2013. Í frétt á mbl.is 10. júní 2014 er þannig haft eftir ríkissaksóknara „að ríkissaksóknari hafi m.a. brugðist við þessu með því að ítreka það sérstaklega í tveimur bréfum sínum til allra lögreglustjóra og sérstaks saksóknara, dags. 3. júní 2013 og 15. apríl 2014, sem varða eftirlit ríkissaksóknara með hlustunum á grundvelli fyrirmæla nr. 1/2012, að

eyða skuli þegar í stað upptökum með samskiptum sakbornings og verjanda, enda komi það skýrt fram í 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála.“

Núverandi fyrirkomulag

Upplýst hefur verið af hálfu ríkissaksóknara og sérstaks saksóknara í fjölmiðlum að framkvæmdin sé þannig að ekki sé hlustað á upptökur af símtölum í rauntíma. Öll símtöl séu því tekin upp. Rannsakandinn hafi síðan það hlutverk að fara yfir símtölin og hlusta á þau. Til þess að geta áttað sig á við hvern sakborningur ræði hverju sinni þurfi rannsakandinn að hlusta á að minnsta kosti hluta símtals. Ef símtalið er við verjanda, eigi rannsakandinn að hætta hlustun og merkja símtalið til eyðingar.

Ófullnægjandi framkvæmd og eftirlit

Samkvæmt framansögðu er ljóst að við núverandi framkvæmd hlustar rannsakandinn í öllum tilvikum á einhvern hluta símtals, jafnvel þótt verjandi eigi í hlut. Þá er ekki sjálfgefið að rannsakandinn átti sig á því strax að um símtal á milli verjanda og sakbornings sé að ræða og hlusti því á stærstan hluta þess eða það allt. Jafnvel þótt rannsakandinn átti sig fljótt, er augljós freisting til staðar að hlusta á símtalið til enda.

Í öllum tilvikum er hugsanlegt, og reyndar líklegt, að rannsakandinn komist á þennan hátt yfir upplýsingar um málsatvik og/eða vörn sakborningsins sem geta gagnast við rannsókn málsins og þar með ákærvaldinu við sókn þess, enda þótt þær verði ekki notaðar beinlínis sem sönnunargögn í sakamálinu gegn honum. Allt bendir

frb. bls 29

HRÓBJARTUR JÓNATANSSON HRL.



Hvaðan kemur dómariinn?

SKIPTIR MÁLI VIÐ úrlausn dómsmáls hver bakgrunnur dómarsins er? Nýleg greinarrit lögmanns með áratuga reynslu af verjendastörfum í sakamáli um tiltekið dómsmál, annars vegar, og nýkjörins formanns Dómarafélags Íslands, hins vegar, vöktu með mér hugrenningar af þessu tagi.

Brynjar Níelsson, fyrrverandi formaður Lögmannafélags Íslands, tjáði sig nýverið í grein sem hann ritaði á Pressan.is um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í svonefndu Al Thani máli þar sem fjórir einstaklingar voru dæmdir til áralangrar fangelsisvistar vegna markaðsmisnotkunar og umboðssvika. Niðurstaða Brynjars er sú að héraðsdómurinn sé rangur og raunar sé sekt ákærðu langt frá því að vera hafin yfir skynsamlegan vafa. Ég ætla ekki að fjalla efnislega um grein Brynjars að öðru leyti hér. Það sem vakti mig til umhugsunar um bakgrunn dómara og skipan dómstóla er hversu ólík nálgun Brynjars og héraðsdóms er varðandi það hvort að sönnunarfræsla ákærvaldsins um ætlaða refsiverða háttsemi hinna ákærðu teldist hafa fullnægt áskilnaði um fullnægjandi sönnun í refsímáli. Brynjar ritaði ekki greinina sem verjandi tiltekinn sakborninga í málinu, að því er séð verður, heldur tjáði sig úr frá þeirri lögfræðilegu sýn sem hann hafði á málið sem reyndur lögmaður og verjandi í sakamáli til áratuga. Hinir löglærðu héraðsdómarar í fjölskipuðum dómi í málinu hafa á sínum starfsferli að mestu unnið við saksókn og lögreglumál auk dómsstarfa. Annar þeirra stundaði þó lögmannsstörf um skeið fyrir

alllöngu síðan. Hin ólíku viðhorf Brynjars og héraðsdómara til þess hvort að háttsemi sakborninga í Al Thani málinu teljist refsiverð eður ei veita vísbendingu um að bakgrunnur dómarsins kunnir að skipta máli um niðurstöðu máls. Draga má þá ályktun að það kunnir mögulega að skipta verulegu máli fyrir sakborning í sakamáli hvort að dómariinn í málinu hafi langa reynslu sem sækjandi í sakamáli eða hvort hann hafi reynslu af verjendastörfum í sakamáli svo dæmi sé tekið.

Ásýnd hlutleysis mikilvæg

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélagsins, kastaði því fram í blaðagrein um daginn að veikir dómstólar og illa launaðir dómara væru í hættu að láta undan þrýstingi frá öflugum ákærvaldi. Þessi ummæli hans eru athyglisverð. Sjálfsgagt er það oftúlkun að skilja þau svo að það sé þekkt að ákærvaldið sé að beita dómstóla þrýstingi. Hins vegar, bera ummæli hans það með sér að sú hætta sé fyrir hendi að mati formannsins. Sé það raunin er sjálfsgagt óheppilegt að einstaklingar með áratuga reynslu sem saksóknarar fái þau verkefni sem nýskipaðir dómara að dæma í sakamáli, að minnsta kosti, í beinu framhaldi af því að skipta um starfsvettvang. Slíkt kann að rýra þá ásýnd hlutleysis og trúverðugleika sem dómstólar verða að hafa.

Í þessu sambandi er vert að benda á að velflestir dómara hafa starfað lungann úr sinni starfsævi hjá ríkinu. Fæstir dómara koma úr röðum lögmannna eða úr einkageiranum. Í hópi nýu hæstaréttardómara nú eru

einvörðungu tveir dómara sem hafa reynslu af almennum lögmannsstörfum og þá raunar fyrir u.þ.b. 20 árum síðan. Er þeir voru skipaðir í réttinn höfðu þeir stundað lagakennslu um árabíl. Aðrir núverandi hæstaréttardómara hafa stærstan hluta síns starfsferils sinnir dómstörfum eða verið við lagakennslu eða stundað hvort tveggja. Alkunnur er að fólk og fyrirtæki eiga í sífelldum útistöðum við hið opinbera sem rata til dómstóla, svo sem vegna skattamála og íþyngjandi ráðstafana af ýmsu tagi sem álitamál kann að vera um hvort brjóti m.a. á stjórnarskrárvörðum réttindum. Spyrja má hvort að öruggt sé að hæstaréttardómara sem hafa sína starfsreynslu eingöngu úr dómstörfum eða stjórnsýslu geti leitt fram öll sjónarmið sem skipta máli við úrlausn dómsmáls? Ýmsir hafa dregið þær ályktanir af dómsniðurstöðum í skattamáli til dæmis að málstaður ríkisins njóti meiri samúðar en skattgreiðandans. Ekki skal fullyrt um það hér. Myndi skipta máli við úrlausn skattamála ef nokkur hluti hæstaréttardómara hefði víðtæka reynslu af lögmannsþjónustu við atvinnulíf? Það er ekki útilokað. Við þekkjum einnig nýlega dóma Hæstaréttar þar sem ekki er fallist á að samskipti lögmanns og skjólstaðings hans sé trúnaðarsamband sem njóti verndar. Lögmenn hafa gagnrýnt þær niðurstöður. Má ætla að önnur niðurstaða hefði fengist ef hluti dómara í þeim máli hefði víðtæka reynslu af lögmannsstörfum? Það er ekki ólíklegt. Nú situr enginn í Hæstarétti með „ferska“ lögmannsreynslu. Jón Steinar Gunnlaugsson var lögmaður til áratuga áður hann settist í Hæstarétt. Hann

skar sig úr öðrum dómurum réttarins með sínum fjölmörgu sératkvæðum, ekki síst í ákveðnum tegundum sakamála. Ekki er ólíklegt að sú sýn hans á mál sem sératkvæði hans bera vott um eigi sér rætur í þeirri reynslu sem fylgdi honum úr lögmennskunni inn í réttinn.

Dómarar í nágrannalöndunum

Sé lítið til Danmerkur til dæmis, þá sýnir lausleg skoðun á bakgrunni dómara við Hæstarétt Danmerkur að af 17 dómurum hafi sjö reynslu af almennum lögmennsstörfum. Samsvarandi skoðun á hæstaréttardómurum í Noregi sýnir að af 21 dómara við réttinn eru átta með reynslu af almennum lögmennsstörfum.

Af þessu má álykta að Danir og Norðmenn leggi áherslu á að menn með lögmennsreynslu skipi dóminn að stórum hluta. Í Bretlandi eru flestir dómarar við æðri dómstóla fyrrum málflytjendur (Barristers) sem hafa flutt með sér reynsluna af því að þjóna fólki og fyrirtækjum inn í dómstólana. Það viðhorf Breta, að dómarrinn hafi í senn góða lagaþekkingu og víðtæka starfsreynslu og þekkingu á þjóðlífinu, endurspeglast í orðum Lord Igor Judge, dómsforseta æðsta dómstóls Bretlands, þegar hann sagði árið 2008; „ Many qualities are required of a judge... He or she must of course know the law, and know how to apply it, but the judge must also be wise to the ways of the world.“ Þessi orð hans eru algild að mínu mati.

Með hliðsjón af framangreindu

má velta upp þeirri spurningu hvort að bakgrunnur núverandi dómara í Hæstarétti sé nægjanlega fjölbreytilegur, hvort að val á dómurum til setu í Hæstarétti sé háttáð þannig að tryggt sé að dómstóllinn í heild teljist með öruggum hætti endurspegla þá víðtæku þekkingu á þjóðlífinu sem æðsti dómstóll landsins verður að hafa og hvort e.t.v. sé tilefni til að breyta reglum um skipan hæstaréttardómara til að fjölga dómurum sem hafa fyrst og fremst lögmennsreynslu. Forvitnilegt væri að bera Ísland saman við helstu nágrannaþjóðir okkar að þessu leyti og ræða hvort að fjölgun hæstaréttardómara með víðtæka lögmennsreynslu sé æskileg.



AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is

Af Merði lögmanni

Mörður er orðinn úttaugaður af áhyggjum yfir þessum gríðarlega fjölda lögmanna sem spretta upp eins og fíflar í túni. Flest sumur hingað til hefur Mörður getað dvalið langdvölum á æskustöðvunum á Ströndum og í mesta lagi hangsað yfir einstaka aumingjabúi. Nú þorir hann ekki fyrir sitt litla líf að taka sér sumarfrí.

Það er ekki einungis að baráttan um búin sé orðin blóðug heldur stendur yfir kapphlaup við allan þennan skara af lögmönnum sem eru sínt og heilagt að tjá sig um öll möguleg og ómöguleg mál í fjölmiðlum, auglýsa sérsniðnar lausnir og ókeypis hitt og þetta. Á meðan fækkar kúnum hjá gömlum glímuköppum í stéttinni og Mörður getur ekki einu sinni stólað lengur á að taka að sér einstaka sjálfboðastarf fyrir ríkið því hann á ekki roð í allar lögfreyjurnar sem eru komnar langleiðina með að taka yfir þá málaflökka.

Mörður brá á það ráð fyrir nokkru að leita ráða hjá kunningja sínum, gömlum bekkjarfélagi úr MR sem er sérfræðingur í almannatengslum, um hvernig mætti auka líkur á að næla sér í kúna. Ekki væri verra ef það væri góður kúnni, svokallaður mjólkurkú(nni). Kunninginn ráðlagði honum að stofna fésbókarsíðu og halda úti heimasíðu með upplýsingum um stórkostleg júridísk afrek og yfirburði. Einnig auglýsa í útvarpi, sjónvarpi, www.bland.is, gefa álit sitt á öllu sem til umtals væri í samfélaginu í fjölmiðlum og hafa samband við fólk af fyrra bragði sem hann vissi að hefði verið beitt misrétti.

Mörður hefur fylgt ráðum kunningja síns en það hefur hins vegar ekki skilað árangri. Ekkert mjólkurbú, ekki einu sinni stök kú. Það eina sem Mörður hefur haft upp úr þessu eru útgjöld og leiðindasímtöl frá gömlum skjólstaðingum sem telja lýsingar á hæfileikum og þjónustu Marðar ekki í samræmi við eigin eftirtekjur.

Mörður hefur því einbeitt sér að því uppá síðkastið að fylgjast með umræðu líðandi stundar til að geta fyrstur komið að sínu sérfræðilega álit og jafnvel krækja í einstaka verk í leiðinni. Mörður hefur í nokkur skipti hringt í óánægða einstaklinga sem komið hafa fram í fjölmiðlum til að bjóða fram þjónustu sína en í öll skiptin fengið þau svör að viðkomandi hafi þegar ráðið lögmann, þann fyrsta (af mörgum) sem hafi hringt. Sonur Marðar sem hann átti með sambýliskonu númer þrjú er því byrjaður að hanna „app“ sem lætur Mörð vita í hvert sinn sem talað er um lögfræði í spjallþáttum, fréttatímum og umræðum á netinu svo hann geti brugðist við og orðið fyrstur á vettvangi óréttlætis.

Mörður hefur verið að velta fyrir sér að breyta um klæðaburð til að skapa sér sérstöðu meðal lögmanna. Til dæmis að fá sér einkennisklæðnað í anda Ofurmennisins; bláar sokkabuxur og rauða skó. Það gæti líka farið vel við skikkjuna og gengi vonandi betur en síðasta auglýsing Marðar. Eftir nokkra tvöfalda yfir Júrúvision klæddi hann sig í brjóstahaldara og gegnsæjan kjól, sem síðasta sambýliskona hafði skilið eftir í svefnherbergisskápnnum fimm árum fyrr, tekið „selfie“ og skrifað á fésbókina að slíkur klæðnaður hefði fært mörgum mannum sigra, jafnt í söng sem í sveitastjórnum, og að Mörður væri stofnfélagi í nýju skemmtifélagi innan LMFÍ, Félagi karla-jússa (skammstafað FKJ) sem hygðist klæða sig upp í kjóla og hittast reglulega.

Hins vegar féll komman niður í ú-inu og töldu lögfreyjur og fjölmargar aðrar orðljótar konur að þarna væri kvenfyrirlitning á ferð. Þær þóttust ekki kannast við að gælunafnið jússi væri notað um júrsta, móðguðust heiftarlega og hafa klögubréf yfir framkomu Marðar hrannast upp á skrifstofu LMFÍ auk þess sem athugasemdakerfi nokkurra vefmiðla hrundi þegar fúkyrðaflaumur yfir framkomu Marðar fór af stað.

Eini lóusöngurinn í lífi Marðar þessa dagana er að hann hefur nú eignast sína fyrstu bifreið frá því Ladan hans gafst upp í miðri búshaldabyltingu. Þannig var að Mörður brá sér á uppboð hjá sýsla í vikunni og fékk fyrir skotsilfur alveg ágætan fararskjóta, fólksbifreið sem áður hafði verið í eigu eins kollega hans. Kolleganum, sem er neytendafrömuður mikill og rað-frambjóðandi, hafði misboðið ofríki stofnunar einnar sem heimtar gjald fyrir jafnvel ljótustu bilastæði borgarinnar og það á öllum tímum sólarhringsins. Réttlætiskennd kollegans kom í veg fyrir að hann greiddi fyrir afnot af bilastæði með þeim afleiðingum að bifreiðin var nú komin í eigu Marðar. Með í kaupunum fylgdu svo allskyns eigulegir munir frá fyrri eiganda; framboðsbæklingar og fjölmargar mismunandi útgáfur af stjórnarskrá lýðveldisins.

Já, eins manns „prinsipp-gól“ geta breyst í annars manns hjól, hugsaði Mörður þegar hann lagði nýja bílnum, tók upp i-símamann og greiddi fyrir með bilastæða-appinu. Svo tók hann „selfie“ og setti með orðtakinu nýja á fésbókina.

49 útskrifast af hdl. námskeiði

ÞANN 11. APRÍL s.l. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Alls útskrifuðust 49 lögfræðingar að þessu sinni - 22 konur og 27 karlar.

Til fróðleiks má geta þess að af þeim 51 sem þreyttu próf á fyrri hluta námskeiðsins í fyrsta sinn, náðu aðeins 23 þátttakendur fullnægjandi árangri, eða 45 %, en 28 þátttakendur - 55 % - þurfa hins vegar að reyna að nýju. Þá náðu 27 þátttakendur (63 %) af þeim 43, sem skráðir voru í endurtektarpróf vegna falls á fyrri námskeiðum, fullnægjandi árangri.



Nýtt þýðingafyrirtæki á gömlum grunni!

Þýðingar og textaráðgjöf verður

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda
Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Paul Richardson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



Seiðmagnaður Snæfellsjökull

Á HEIÐSKÍRUM DÖGUM dást íbúar höfuðborgarsvæðisins að fegurð og formi Snæfellsjökuls sem blasir tignarlegur við í fjarska. Á björtum vordegi þann 10. maí síðastliðinn lagði hópur lögmanna, ásamt vinum og vandamönnum, af stað úr Reykjavík til að njóta dásemnda fjallsins í návígi. Fararstjórn var í höndum Helga Jóhannessonar hrl. og þriggja leiðsögumanna frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, þeim Helga, Rúnu og Sólvægu.

Við hófum gönguna frá Jökulhálsi klukkan tíu um morguninn, vopnuð ísöxum, broddum og beltum til að takast á við sprungur og aðrar hættur jökulsins. Heilmikil umferð var á Jökulhálsinum, sem er ca 380 metra

yfir sjávarmáli enda nokkrir hópar á uppleið.

Te og flatkökur á fjöllum

Það var léttskýjað í byrjun svo Miðþúfa blasti við en brátt lagðist þoka yfir og skyggni varð lítið. Þá var best að halda sig við spor næsta manns á undan og spjalla við ferðafélagana. Ósköp er þetta langt, er ekkert að fara að gerast? Jú, það kom að nestisstoppi í um 1100 metra hæð. Te og flatkökur smakkast ótrúlega vel á fjöllum. Að loknu stuttu stoppi fórum við í línurnar, það voru hnýttir hnútar og krækt í króka, einn leiðsögumaður fremst í hverri línu. Og nú þýddi hvorki að stoppa til að snýta eða að taka af sér föt, áfram skyldi haldið.

Á toppnum eða hvað?

Þegar við áttum um það bil hálf tíma eftir á toppinn tók þokunni að létta og Miðþúfa blasti við á nýjan leik. Við sáum hana nálgast í hverju spori og viti menn, fyrr en varði var fjögurra tíma uppgöngu lokið. Á toppnum var margt um manninn, hálfómerkilegt fannst okkur nú að sjá snjóþílinn og vélsleðana og bensínfnykurinn spillti fjallaloftinu. Til að klífa Miðþúfu (1446 m) er nauðsynlegt að nota klifurbúnað en við fengum fyrirmæli um að reyna ekki við hana, til þess var hópurinn of stór. Sumir settu á sig broddana, munduðu ísöxina og lögðu til atlögu við Norðurþúfu sem ekki var ýkja erfið viðureignar. Aðrir nutu útsýnisins yfir hluta af Snæfellsnesfjallgarði og létu

Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

congress
REYKJAVÍK



Þrír lögmennt lögðust í snjóinn á toppi Snæfellsjökuls með von um að verða numdir á brott af geimverum.

nægja að mynda sig með Norðurþúfu í baksýn í dásæmdar veðri á toppi veraldarinnar. Enn aðrir önduðu að sér orkunni sem á að vera á jöklinum, leituðu örlítið að leiðinni að miðju jarðar og litu grunsemdaraugum í kringum sig í leit að geimverum. Svo var um að gera að næra sig aðeins fyrir niðurleiðina.

Sjálfbræðissvipting

Niðurgangan hófst í línunni sem fyrr og það var ekki laust við að það kæmi smá fiðringur í mann að horfa á skíðamennina sem brunuðu fram hjá. Einhver galsi hljóp í leiðsögumennina sem lá skyndilega lífið á, slíkur var hraðinn. Línurnar voru strekktar til hins ítrasta og það var ekki fyrr en

þeir er aftar voru höfðu ítrekað beðist vægðar með að þenja sig verulega að færi gafst á smá þústi. Þegar við vorum laus úr þrísundinni hafði einhver á orði að þessi meðferð jaðraði við sjálfbræðissviptingu.

Sólin skein glatt og afleiðingar þess létu ekki á sér standa, færið þyngdist og skrefadýptin jókst. Einhvern veginn fann maður aldrei mátuleg spor til að stíga í. Nú var líka þreytan farin að segja til sín. En allt hafðist þetta og allir skiluðu sér í bílana. Sumir gengu lengra en aðrir, langleiðina niður að Arnarstapa.

Pollapönk og pottur

Hluti hópsins ók heimleiðis strax að lokinni hressandi göngu en aðrir héldu

í Amtsmannshúsið á Arnarstapa, þar sem Lára V. Júlíusdóttir og Þorsteinn Haraldsson ráða ríkjum. Það var ekki amalegt að láta líða úr sér í heita pottinum meðan húsbóndinn og Einar Karl Hallvarðsson sáu um að grilla dýrindis lambakjöt. Maturinn smakkaðist með eindæmum vel, svo var horft á Pollapönkara flytja framlag Íslands á lokakvöldi Eurovision, og spjallað fram eftir kvöldi.

Ferðin var einstaklega vel heppnuð í alla staði. Það er alltaf ánægjulegt að hitta kollegana í afslöppuðu umhverfi, sjá ný andlit og kynna þeim er ekki hafa orðið á vegi manns áður.

Erla S. Árnadóttir

Símahlustun og lögbrot - frh. af bls 23

Þetta því miður til þess að bæði framkvæmd símahlustunar og eftirlit með henni sé ófullnægjandi.

Leiðir til úrbóta

Að því er framkvæmdina varðar, hefur áður á þessum vettvangi verið fjallað um að ýmsar leiðir væru til úrbóta (sjá 1. tbl. 2013, bls. 22-23). Til dæmis að hlutlaus aðili eyði upptökum með símtölum verjanda og sakbornings áður en rannsakandi fer yfir upptök. Þá hlýtur að vera hægt að stöðva upptöku

þegar hringt er úr hinum hlustaða síma í tiltekin símanúmer. Þar virðist vera um tæknilegt úrlausnarefni að ræða. Loks kemur til greina að við uppkvaðningu úrskurðar um símahlustun skipi dómari sakborningi sérstakan lögmann sem hefði það hlutverk við framkvæmd hlustunar að gæta hagsmuna sakbornings og þeirra sem hann talar við, án vitundar þeirra og vilja.

Að því er eftirlitið snertir, hefur ríkissaksofnari sjálfur bent á að embættið hafi

vart haft burði vegna fjárskorts til að sinna því, að minnsta kosti svo vel sé.

Verði ekki gerðar úrbætur á bæði framkvæmd símahlustunar og eftirliti með henni, blasir við að eina raunhæfa aðhaldið felst í því að dómstólar ónýti málatilbúnað ákærvaldsins þar sem í ljós kemur að símtöl sakbornings og verjanda hafa verið hlustuð. Komi aðhaldið ekki frá dómstólunum sjálfum, er óhjákvæmilegt að breyta lögum.



Af deilum um lén

MIKIL VERÐMÆTI FELAST í góðu léni og verða þau reglulega tilefni deilna. Í þannig málum háttar oftast en ekki svo til að eigandi vörumerkis telji rétthafa léns brjóta gegn vörumerkjarétti sínum með skráningu og notkun á léninu. Í deilumálum um lén er sóknaraðili því jafnan vörumerkjaeigandi, en varnaraðili rétthafi léns. Nokkrar leiðir eru færar til úrlausnar slíkrar deilu og reynir í þeim efnum á mismunandi reglur fyrir mismunandi úrskurðaraðilum.

UDRP

Alþjóðlegt yfirbragð og landamæraleysi Netsins valda því að deilur innan þess geta orðið ærið þungar í vöfum vegna álitæfna er lúta að lögsögu. UDRP (Uniform Domain Name Dispute Resolution Policy) er stefna, eða kerfi, sem ætlað er að sporna við þess háttar erfiðleikum hvað varðar deilur um lén. Kerfinu svipar að mörgu leyti til fyrirkomulags gerðardóma. Flest hinna stærstu höfuðléna, þar með talin .com, .org og .net, eru aðilar að UDRP, og gangast rétthafar sjálfkrafa undir stefnunna samhliða skráningu léns undir þessum höfuðlénum. Á heimsvísu er UDRP sá farvegur sem langflest deilumál um lén feta, en árlega er leyst úr þúsundum mála fyrir UDRP-úrskurðarnefndum.

Sóknaraðili að UDRP-máli þarf að færa sönnur á þrennt. Í fyrsta lagi, að hið umdeilda lén sé nákvæmlega eins eða ruglingslega líkt vörumerki (e. trademark) eða þjónustumerki (e. service mark) í eigu sóknaraðila. Í öðru lagi, að varnaraðili eigi hvorki rétt til lénsins né lögmætra hagsmuna að gæta varðandi það. Í þriðja lagi, að lénið hafi verið skráð og það notað í vöndri trú. Af framkvæmd má ráða að hugtökin í fyrsta liðnum eru túlkuð rúmt og krafan um ruglingshættu talin auðuppfyllt. Þá eru vægar kröfur gerðar til sönnunar annars

liðarins og má því fullyrða að mest mæði á hinum þriðja, um að lén hafi verið skráð og notað í vöndri trú. Raunar sýnir tölfræðin að sóknaraðilar bera sig úr býtum í 85-90% allra UDRP-mála og hefur kerfið verið gagnrýnt fyrir að vera helst til hliðhollt vörumerkjaeigendum á kostnað rétthafa léna.

Þess skal getið að ekki verður leyst úr deilum um .is-lén fyrir UDRP-úrskurðarnefnd. Íslenskir deiluaðilar geta eigi að síður nýtt sér UDRP-leiðina, til að mynda ef deila þeirra lýtur að .com-léni.

Deilur um .is-lén

Þegar leysa þarf úr deilu milli vörumerkjaeiganda og rétthafa .is-léns koma einkum þrjár leiðir til greina. Fyrst er að nefna úrskurðarnefnd léna, sem starfar samkvæmt IX. kafla reglna Internets á Íslandi hf. (ISNIC) um lénaskráningu. Í 40. gr. reglnanna er að finna þrjúliða efnisreglu, keimlíka þeirri sem lýst var í umfjölluninni um UDRP að ofan. Nokkur blæbrigðamunur er þó á reglunum, einkum hvað snertir fyrsta skilyrðið, en reglur ISNIC gera þá kröfu að lén sé „eins og skrásett vörumerki sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu, sem skráð var áður en lénið var skráð“. Veldur þessi munur því öðru fremur að mál eru sóknaraðilum torsóttari fyrir úrskurðarnefnd léna en gengur um UDRP-úrskurðarnefndir.

Í annan stað leysir Neytendastofa úr deilum um lén á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laganna eru þau sem til helstrar skoðunar koma og hafa lénadeilur sérstaklega verið taldar eiga undir 2. ml. 15. gr. a., sem hljóðar svo: „Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“ Af

framkvæmd má ráða að sóknaraðila að máli fyrir Neytendastofu sé mikilvægast að sanna að hann hafi átt rétt til þess merkis sem léni svipar til áður en lénið var skráð, að merkið hafi ríka aðgreiningareiginleika og að aðilar málsins beini vöru eða þjónustu að einhverju leyti að sama markhópi.

Í þriðja lagi má fá leyst úr deilum af þessu tagi fyrir almennum dómstólum, en þar koma helst til skoðunar lög um vörumerki nr. 45/1997, einkum hin almenna meginregla um vörumerkjavernd sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. laganna. Í reglunni felst að öðrum en eiganda vörumerkis er óheimilt að nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík merkinu, að því gefnu að notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru og vörumerkjarétturinn nær til og að hætt sé við ruglingi. Getur rétthafi léns því eigi brotið gegn vörumerkjarétti annars aðila nema að þeim grunnskilyrðum uppfylltum að hann noti lénið í atvinnustarfsemi og að notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn verndar.

Að lokum

Þótt á mismunandi reglur reyni eftir úrlausnaraðilum gilda í öllum tilvikum tvö grundvallarsjónarmið. Hið fyrra er meginreglan um *prior tempore, potior jure*, eða fyrstur kemur, fyrstur fær, sem almennt er viðurkennt að gildi um lénaskráningar. Að auki er skráning og notkun léns er ákveðið form tjáningar og nýtur sem slíkt verndar tjáningarfrelsisákvæða. Þegar rétthafi er sviptur rétti sínum til skráningar léns er gerð undantekning frá prior tempore meginreglunni og rétthafinn um leið skertur frelsi sínu til tjáningar. Því þurfa veigamikil rök að styðja slíka niðurstöðu. Ber þeim, sem úrskurða í deilumálum um lén, að hafa þetta hugfast.

**NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI
FYRIR HÆSTARÉTTI****Vífill Harðarson hrl.**

Juris
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

Bjarki Þór Sveinsson hrl.

Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

**NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI
FYRIR HÉRAÐSDÓMI****Ása Kristín Óskarsdóttir hdl.**

KPMG
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 546-6392

Orri Sigurðsson hdl.

VOX lögmannsstofa
Mörkinni 3
108 Reykjavík
Sími: 531-1000

Reynir Svavar Eiríksson hdl.

Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 510-5400

Andrés Þorleifsson hdl.

Embætti sérstaks saksóknara
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Sími: 444-0150

Arna Björg Rúnarsdóttir hdl.

Landsbankinn
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Sími: 410-4000

Fríða Björk Teitsdóttir hdl.

Fulltingi
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 553-2050

Porgils Þorgilsson hdl.

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 19
200 Kópavogi
Sími: 515-1800

Valgerður Björk

Benediktsdóttir hdl.
Draupnir lögmannsþjónusta
Laugavegi 182
101 Reykjavík
Sími: 415-0150

Magnús Davíð Norðdahl hdl.

KM lögmennt
Suðurlandsbraut 16
108 Reykjavík
Sími: 868-2989

**ENDURÚTGEFNI
MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI****Arndís Anna K. Gunnarsdóttir hdl.**

Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 698-9250

Arnar Þór Sæþórsson hdl.

Lex lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Laufey Sigurðardóttir hdl.

JSÓ lögmennt
Garðastræti 36
101 Reykjavík
Sími: 546-2505

Haukur Freyr Axelsson hdl.

Fulltingi
Suðurlandsbraut 18
105 Reykjavík
Sími: 533-2050

Hanna María Þórhallsdóttir hdl.

M10 lögmannsstofa
Fjarðargötu 10
220 Hafnarfirði
Sími: 517-0150

NÝR VINNUSTAÐUR**Benedetto Valur Nardini hdl.**

Atlantik Legal Services
Höfðatorgi, Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 415-4725

Gunnar Sv. Friðriksson hdl.

Löghús ehf.
Reykjavígurvegi 60., 2. hæð
220 Hafnarfirði
Sími: 842-2217

Sigrún Helga Holm hdl.

Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

Halldóra Kristín Hauksdóttir hdl.

Lögmennt Norðurlandi
Skipagötu 9
600 Akureyri
Sími: 422-2800

Júlí Ósk Antonsdóttir hdl.

Lögmennt Norðurlandi
Skipagötu 9
600 Akureyri
Sími: 422-2800

Hreinn Loftsson hrl.

Jura lögfræðisþjónusta
Sunnufliót 15
210 Garðabæ
Sími: 571-8895

Jens Fjalar Skaptason hdl.

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 569-9600

Jóhann Tómas Sigurðsson hdl.

Lagahvoll slf.
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Sími: 519-7660

Snorri Vidal hdl.

Solidum lögmannsstofa
Malarhöfða 8
110 Reykjavík
Sími: 583-8300

Guðni Jósep Einarsson hdl.

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 19
201 Kópavogi
Sími: 515-1800

NÝTT AÐSETUR**Leifur Runólfsson hdl.**

Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 550-4060

Haukur Halldórsson hdl.

HH lögfræðisþjónusta slf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 571-6090

**Lausnir lögmannsstofa/EGS
lögmennt**

Einar Gautur Steingrímsson hrl.
Elva Ósk S. Wium hdl.
Gunnhildur Pétursdóttir hdl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími: 563-1802

Sigurður Árnason hdl.

Fullrétti ehf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 588-4242

Hjörtur Örn Eysteinnsson hdl.

Fullrétti ehf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 588-4242



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is